

Mál nr. 183/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar.

**Maður hlaut áverka á hendi er hann hoppaði niður af grindverki á skólalóð þann
30.5.2010.**

Gögn.

88. Málskot, móttakið 9.5.2011, ásamt fylgigögnum.

89. Bréf X, dags 13.5.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var í fótboltaleik ásamt syni sínum á fótboltavelli á lóð Áslandsskóla í Hafnarfirði. Há rimlagirðing umlykur fótboltavöllinn og fyrir utan girðinguna er trjágróður. Þverbönd eru á girðingunni en hver lóðréttur rimill stendur örlítið upp fyrir efsta þverbandið. Bolti, sem M og sonur hans léku sér með, festist uppi í tré og klifraði M upp á girðinguna til að losa boltann. Að svo búnu hoppaði hann niður af girðingunni. Vildi þá til það slys að giftingarhringur sem M bar á baugfingri hægri handar festist í einum rimlinum sem stóð upp fyrir efsta þverbandið og sleit framan af fingrinum.

M hefur krafist bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu fyrirtækisins V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu úr umræddri ábyrgðartryggingu.

Álit.

Hvorki í málskoti né öðrum gögnum málsins verður ráðið á hvaða forsendum krafa M beinist að V eða af hvaða ástæðum öðrum V eigi að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á í gögnum málsins að girðingin eða uppsetning hennar brjóti í bága við lög eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli, né heldur að hún hafi verið haldin framleiðslugalla eða henni hafi að einhverju leyti verið ábótavant. Að þessu athuguðu hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu V í máli þessu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.